# Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar

## Ársreikningur
## 1. nóvember 2019 til 31. október 2020

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar
Vífilsstaðavegi
210 Garðabær

kt. 650394-2089

# Efnisyfirlit

Bls.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ..... 3

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna ..... 4

Rekstrarreikningur ..... 6

Efnahagsreikningur ..... 7

Sjóðstreymisyfirlit ..... 8

Skýringar ..... 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur GKG og markmið eru skv. lögum hans að glæða og viðhalda áhuga á golfíþróttinni.

Á rekstrarárinu voru tekjur umfram gjöld 11,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Á rekstrarárinu störfuðu 17 starfsmenn hjá klúbbnum. Eigið fé klúbbsins í lok rekstrarársins nam 329,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar staðfestir hér með ársreikning klúbbsins fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2019 til 31. október 2020.

Garðabæ, 24. nóvember 2020

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar rekstrarárið 1. nóvember 2019 til 31. október 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu golfklúbbsins 31. október 2020 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á því reikningsári sem þá lauk, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 24. nóvember 2020

***KPMG ehf.***

# Rekstraryfirlit
# 1. nóvember 2019 til 31. október 2020

| | Skýr. | 1.11.-31.10. 2020 | 1.11.-31.10. 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Félagsgjöld | 2 | 174.079.813 | 152.391.182 |
| Vallargjöld | | 15.437.963 | 14.666.910 |
| Leigutekjur | | 35.358.414 | 30.094.933 |
| Tekjur af golfmótum | | 14.566.026 | 17.161.195 |
| Rekstrarframlög og fyrirtækjasamningar | | 34.296.886 | 33.850.439 |
| Sértekjur íþróttasviðs | | 20.590.839 | 22.815.660 |
| Vörusala | | 19.041.437 | 17.116.137 |
| Aðrar rekstrartekjur | 12 | 8.806.143 | 5.898.440 |
| | | 322.177.521 | 293.994.896 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 13 | 180.973.585 | 166.853.055 |
| Íþróttamiðstöð og áhaldahús | 14 | 18.062.334 | 17.328.782 |
| Golfvöllur og æfingasvæði | 15 | 24.658.378 | 19.561.131 |
| Keppnisgolf, mótahald og kennsla | 16 | 14.404.893 | 17.529.277 |
| Gjöld til GSÍ | | 8.881.200 | 7.815.000 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 14.572.955 | 14.168.606 |
| Annar rekstrarkostnaður | 17 | 17.565.437 | 14.391.577 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 3,7 | 17.756.325 | 17.615.876 |
| | | 296.875.107 | 275.263.304 |
| **Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld** | | 25.302.414 | 18.731.592 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 819.320 | 1.422.854 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 14.757.507) | ( 19.274.004) |
| | | ( 13.938.187) | ( 17.851.150) |
| **Tekjur umfram gjöld** | 9 | 11.364.227 | 880.442 |

# Efnahagsreikningur 31. október 2020

| | Skýr. | 31.10.2020 | 31.10.2019 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Golfvöllur | | 228.682.767 | 224.063.159 |
| Íþróttamiðstöð og áhaldahús | | 78.017.580 | 139.684.448 |
| Bifreiðastæði og umhverfi | | 50.330.607 | 50.330.607 |
| Vélar, tæki og áhöld | | 73.397.627 | 67.526.279 |
| Fastafjármunir samtals | 3,7 | 430.428.581 | 481.604.493 |
| **Langtímakröfur:** | | | |
| Langtímakrafa á bæjarfélag í samræmi við samkomulag | 8 | 180.000.000 | 0 |
| Langtímakröfur samtals | | 180.000.000 | 0 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | 4 | 6.860.971 | 4.361.602 |
| Viðskiptakröfur | 5 | 3.999.614 | 9.089.173 |
| Næsta árs afborgun langtímakrafna | 8 | 90.000.000 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 0 | 232.155 |
| Handbært fé | | 10.386.251 | 3.235.913 |
| Veltufjármunir samtals | | 111.246.836 | 16.918.843 |
| **Eignir samtals** | | 721.675.417 | 498.523.336 |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé | | 329.254.093 | 317.889.866 |
| Eigið fé | 9 | 329.254.093 | 317.889.866 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 10 | 220.148.852 | 133.752.398 |
| Langtímaskuldir samtals | | 220.148.852 | 133.752.398 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 45.351.472 | 13.845.656 |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | 10 | 105.670.061 | 18.945.544 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 21.250.939 | 14.089.872 |
| | | 172.272.472 | 46.881.072 |
| Skuldir samtals | | 392.421.324 | 180.633.470 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 721.675.417 | 498.523.336 |

# Sjóðstreymisyfirlit
# 1. nóvember 2019 til 31. október 2020

| | Skýr. | 1.11.-31.10. 2020 | 1.11.-31.10. 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Tekjur umfram gjöld | 9 | 11.364.227 | 880.442 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur langtímalána | | 0 | 4.903.218 |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | | ( 1.723.582) | ( 1.295.338) |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 3,7 | 17.756.325 | 17.615.876 |
| Veltufé frá rekstri | | 27.396.970 | 22.104.198 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Vörubirgðir, hækkun | | ( 2.499.369) | ( 537.104) |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | 5.321.714 | ( 3.049.364) |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 14.364.992 | 8.261.834 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | 17.187.337 | 4.675.366 |
| Handbært fé frá rekstri | | 44.584.307 | 26.779.564 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 7 | ( 342.248.034) | ( 10.839.107) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 3.850.000 | 1.735.000 |
| Mótframlag bæjarfélags samkvæmt samkomulagi | 8 | 103.541.201 | 94.141.452 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 234.856.833) | 85.037.345 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 277.322.386 | 21.617.742 |
| Afborgun langtímalána | | ( 104.201.413) | ( 107.096.294) |
| Skuldir við lánastofnanir, breyting | | 0 | ( 23.121.650) |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 24.301.891 | 0 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 197.422.864 | ( 108.600.202) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 7.150.338 | 3.216.707 |
| **Handbært fé í byrjun rekstrarársins** | | 3.235.913 | 19.206 |
| **Handbært fé í lok rekstrarársins** | | 10.386.251 | 3.235.913 |
| **Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa:** | | | |
| Krafa á bæjarfélag | 8 | 270.000.000 | 0 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir, styrkur frá bæjarfélagai | 8 | ( 270.000.000) | 0 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. ***Grundvöllur reikningsskilanna***

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. ***Innlausn tekna***

Klúbburinn heldur sérstaka félagaskrá og eru árgjöld félagsmanna tekjufærð á því rekstrarári sem greitt er fyrir.

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verður mögulega skilað.

Aðrar tekjur eru tekjufærðar við greiðslu.

3. ***Rekstrarfjármunir***

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti. Framkvæmdakostnaður við uppbyggingu golfvallar og bílastæða er eignfærður meðal rekstrarfjármuna en ekki afskrifaður.

| | |
|---|---|
| Íþróttamiðstöð og áhaldahús | 1% |
| Vélar, tæki og áhöld | 15-20% |

4. ***Vörubirgðir***

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði ef það er lægra.

5. **Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign klúbbsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Um er að ræða niðurfærslu vegna krafna til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

6. **Tekjuskattur**

Samkvæmt 4. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt teljast lögaðilar ekki greiða tekjuskatt, ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almannaheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum. Golfklúbburinn er óskattskyldur lögaðili.

7. **Rekstrarfjármunir**

Rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast þannig:

| | Golfvöllur | Íþróttamiðstöð og áhaldahús | Bifreiðastæði og umhverfi | Vélar, tæki og áhöld | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.11.2019 | 224.063.159 | 185.183.027 | 50.330.607 | 157.310.701 | 621.284.111 |
| Upps. afskr. 1.11.2019 | 0 | ( 45.498.579) | 0 | ( 89.784.422) | ( 139.679.618) |
| Bókfært verð 1.11.2019 | 224.063.159 | 139.684.448 | 50.330.607 | 67.526.279 | 481.604.493 |
| Viðbætur á árinu | 4.619.608 | 300.006.757 | 0 | 37.621.669 | 342.248.034 |
| Styrkur færður á móti | 0 | ( 360.000.000) | 0 | ( 13.541.201) | ( 373.541.201) |
| Selt á árinu | 0 | 0 | 0 | ( 2.126.420) | ( 2.126.420) |
| Afskrift ársins | 0 | ( 1.673.626) | 0 | ( 16.082.699) | ( 17.756.325) |
| Bókfært verð 31.10.2020 | 228.682.767 | 78.017.579 | 50.330.607 | 73.397.628 | 430.428.581 |
| | | | | | |
| Heildarverð 31.10.2020 | 228.682.767 | 125.189.784 | 50.330.607 | 160.126.986 | 564.330.144 |
| Upps. afskr. 31.10.2020 | 0 | ( 47.172.204) | 0 | ( 86.729.359) | ( 133.901.563) |
| Bókfært verð 31.10.2020 | 228.682.767 | 78.017.580 | 50.330.607 | 73.397.627 | 430.428.581 |
| | | | | | |
| Afskriftahlutfall | 0% | 1% | 0% | 15-20% | |

**7. Rekstrarfjármunir, frh.**

***Fasteignamat og brunabótamat***

Bókfært verð fasteigna og lóða nam 304,7 millj. kr. í lok reikningsársins. Fasteignamat fasteigna og lóða nam í lok rekstrarársins samtals 464,1 millj. kr. Á sama tíma var brunabótamat fasteigna klúbbsins 772,7 millj. kr. Vátryggingarverðmæti véla, tækja og áhalda nam 279,7 millj. kr. í lok rekstrarársins.

***Veðsetningar***

Á fasteignum klúbbsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess að fjárhæð 145,2 millj. kr.

**8. Langtímakröfur**

Á síðasta ári kynntu bæjaryfirvöld Garðabæjar (Garðabær) stjórn GKG áform bæjarfélagsins um byggingu fjölnota íþróttahúss á æfingasvæði GKG, sem skerðir athafnasvæði GKG verulega. Vilji Garðabæjar er til að bæta GKG skerðinguna að fullu þannig að aðstaða GKG og félagsmanna til golfiðkunar verði ekki lakari eftir framkvæmdir bæjarfélgasins en var fyrir. Af því tilefni var undirritaður samstarfssamningur milli Garðabæjar og GKG. Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdina nemur 440 millj. kr. og lýkur framkvæmdum á árinu 2021.

Á árinu 2019 lagði bæjarfélagið fram fyrstu greiðsluna samkvæmt samkomulaginu samtals 80 millj. kr. sem færð var til lækkunar á framkvæmdakostnaði þess árs. Á rekstrarárinu sem leið voru greiddar 90 millj. kr. til viðbótar og síðan verða greiddar 270 millj. kr. á næstu þremur árum eins og sjá má í eftirfarandi töflu:

| | |
|---|---:|
| Árið 2021 | 90.000.000 |
| Árið 2022 | 90.000.000 |
| Árið 2023 | 90.000.000 |
| Samtals framlag sveitarfélaganna 2021-2023 | 270.000.000 |
| Inngreiðsla á árinu 2020 | 90.000.000 |
| Alls fært til lækkunar á eignfærslum varanlegra rekstrarfjármuna 2020, sjá skýringu nr. 7 | 360.000.000 |
| Inngreiðsla á árinu 2019 | 80.000.000 |
| Framlag sveitarfélaganna samtals | 440.000.000 |

Eins og sjá má í töflunni að ofan og í skýringu 7 hafa 360 millj. kr. verið færðar til lækkunar á byggingarkostnaði fjárhagsársins, en þar af eru 270 millj. kr. vegna fjárhagsáranna 2021-2023 og 90 millj. kr. vegna núverandi fjárhagsárs. Á móti eru áætluð framlög sem ekki hafa verið innheimt, færð upp sem eign í efnahagsreikningi klúbbsins, 90 millj. kr. meðal veltufjármuna og 180 millj. kr. sem langtímakrafa.

Framlög Garðabæjar á árunum 2021-2023 mun fara til uppgreiðslu á langtímalánum á sömu árum, sjá nánar í skýringu 10.

**9 Eigið fé**

Breyting eigin fjár á rekstrarárinu greinist þannig:

| | Eigið fé |
|---|---|
| Eigið fé 31.10.2019 | 317.889.866 |
| Tekjur umfram gjöld | 11.364.227 |
| Eigið fé 31.10.2020 | 329.254.093 |

**10. Langtímaskuldir**

Yfirlit um langtímaskuldir:

| | |
|---|---|
| Skuldir í íslenskum krónum, óverðtryggðar, vextir 3,9 - 4,65% | 325.818.913 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | ( 105.670.061) |
| Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals | 220.148.852 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| 2021 | 105.670.061 |
| 2022 | 95.148.853 |
| 2023 | 8.333.333 |
| 2024 | 8.333.333 |
| 2025 | 8.333.333 |
| Afborganir síðar | 100.000.000 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 325.818.913 |

**11. Leigusamningur**

Golfklúbburinn gerði leigusamning á árinu 2015 við Fasteignir ríkissjóðs til 20 ára eða til 31. janúar 2035. Árlegt leigugjald er 9,6 millj. kr. og breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs. Fyrstu fimm árin var gefinn 50% afsláttur af umsömdu verði. Á rekstrarárinu 1.11.2018-31.10.2019 keypti Garðabær landið af ríkinu og við það breyttust forsendur leigusamningsins. Golfklúbburinn hefur hafnað greiðslu leigugjaldsins þar sem leigan er af sveitarfélaginu vegna íþróttatengdrar starfsemi. Engin fordæmi eru fyrir því að íþróttafélag greiði leigu til sveitarfélags fyrir sambærileg afnot. Golfklúbburinn og Garðabær eiga í viðræðum um niðurfellingu á þessari skuld.

## *Sundurliðanir*

| | 1.11.-31.10. 2020 | 1.11.-31.10. 2019 |
|---|---|---|
| **12. Aðrar rekstrartekjur** | | |
| Sala þjónustu | 1.109.294 | 2.500.173 |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | 1.723.582 | 1.295.338 |
| Settageymsla | 583.500 | 490.000 |
| Aðrar tekjur | 5.389.767 | 1.612.929 |
| Aðrar rekstrartekjur samtals: | 8.806.143 | 5.898.440 |
| **13. Laun og launatengd gjöld** | | |
| Laun | 144.337.417 | 131.244.962 |
| Breyting á orlofsskuldbindingu | 923.973 | 2.116.666 |
| Lífeyrissjóður | 17.753.158 | 16.237.739 |
| Önnur launatengd gjöld | 17.959.037 | 17.253.688 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 180.973.585 | 166.853.055 |
| Fjöldi starfsmanna á árinu að meðaltali | 18 | 17 |
| **14. Íþróttamiðstöð og áhaldahús** | | |
| Rafmagn og hiti | 6.221.657 | 5.289.578 |
| Sími | 2.153.891 | 1.769.182 |
| Vátrygging skála og áhaldahúss | 3.149.907 | 2.701.098 |
| Viðhald skála og áhaldahúss | 5.203.570 | 5.737.484 |
| Gjaldfærð smááhöld og viðhald áhalda | 798.418 | 1.562.329 |
| Öryggisgæsla | 202.728 | 267.116 |
| Annað | 332.163 | 1.995 |
| Rekstrarkostnaður íþróttamiðstöðvar og áhaldahúss samtals | 18.062.334 | 17.328.782 |
| **15. Golfvöllur og æfingasvæði** | | |
| Viðhald véla og verkfæra | 7.137.827 | 7.621.023 |
| Bensín og olíur | 3.616.284 | 3.678.485 |
| Áburður og túnþökur | 2.464.403 | 1.588.522 |
| Akstur | 580.770 | 98.210 |
| Tryggingar véla | 436.087 | 416.857 |
| Æfingasvæði, holubox og fánar | 2.234.829 | 2.681.016 |
| Vinnufatnaður og aðstaða starfsmanna | 601.063 | 430.948 |
| Nýframkvæmdir og aðkeypt vinna | 5.442.922 | 768.461 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.144.193 | 2.301.831 |
| Rekstrarkostnaður golfvallar og æfingasvæðis samtals | 24.658.378 | 19.561.131 |
| **16. Keppnisgolf, mótahald og kennsla** | | |
| Aðkeypt kennsla og styrkir | 4.007.716 | 5.573.482 |
| Verðlaunagripir | 499.060 | 208.610 |
| Kostnaður vegna móta | 6.441.321 | 9.181.986 |
| Sveitakeppni | 1.887.072 | 1.712.398 |
| Ýmis kostnaður | 1.569.724 | 852.801 |
| Rekstrarkostnaður vegna keppnisgolfs, mótahalds og kennslu samtals | 14.404.893 | 17.529.277 |

| 17. Annar rekstrarkostnaður | 1.11.-31.10. 2020 | 1.11.-31.10. 2019 |
|---|---|---|
| Ritföng | 101.851 | 179.447 |
| Prentun | 1.851.703 | 1.716.216 |
| Burðargjöld | 51.037 | 429.215 |
| Funda-, móttöku- og kynningarkostnaður | 1.930.599 | 1.660.987 |
| Endurskoðun, bókhaldsaðstoð og reikningsskil | 2.121.342 | 1.690.607 |
| Rekstur tölvukerfis | 3.514.280 | 2.158.549 |
| Vallargjöld | 3.111.000 | 1.975.800 |
| Aðkeypt þjónusta | 357.024 | 214.947 |
| Afskrift viðskiptakrafna | 608.817 | 797.289 |
| Námskeið og endurmenntun | 705.700 | 770.948 |
| Ferðakostnaður | 324.317 | 238.940 |
| Félagsskírteini | 262.384 | 544.655 |
| Annað | 2.625.383 | 2.013.977 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 17.565.437 | 14.391.577 |